

Boð um þátttöku:

Norrænt Þjóðbúningaþing 8. - 12. ágúst 2023 Reykholt í Borgarfirði

Viltu taka þátt í Norrænu Þjóðbúningaþingi?

Undirbúningsnefnd Norræns Þjóðbúningaþings í Reykholti Borgarfirði dagana 8. – 12. ágúst auglýsir eftir þátttakendum á þingið. Þáttökupjóðir á þinginu eru auk Íslands, Danmörk, Svíðþjóð, Finnland og Noregur auk þess sem fulltrúum frá Grænlandi og Færeyjum er boðið. Þingin hafa verið haldin frá árinu 1978 og eru umfjöllunarefnin fjölbreytileg ([sjá hér](#)). Að þessu sinni er þemað **skreytingar á þjóðbúningum**. Tveir fulltrúar frá hverju landi halda fyrirlestur, auk þess sem styttri erindi verða á dagskrá. Farið er í skoðunarferðir og heimsóknir bæði í Reykholti og nærsveitum, auk hálf dagsferðar um Suðurland í lok þingsins (sjá nánar dagskrá).

Þingin eru ómetanlegur vettvangur fræðafólks og áhugamanna til að fræðast og ræða um þjóðbúninga á Norðurlöndum. Auk þess að hlýða á fyrirlestra og erindi taka þátttakendur þátt í örnámskeiði þar sem hvert land bíður upp á kennslu í þjóðlegu handverki og kvöldskemmtun með hátíðarkvöldverði.

Skráning:

Skráningarfrestur er til **15. maí 2023** á netfangið kristin@heimilisidnadir.is

Skráningunni skal fylgja full nafn, netfang og símanúmer ásamt upplýsingum um hvort viðkomandi sé einn í herbergi eða deili því með öðrum.

Þáttökugjöld:

Þátttaka í þinginu kostar 220.000 kr. á mann miðað við tveggja menna herbergi en 280.000 kr. í eins manns herbergi.

Óafturkræft staðfestingargjald er 50.000 kr. og skal það greiðast þegar skráning hefur verið staðfest.

Eftirstöðvar af þáttökugjaldi greiðist 1.júlí.

Innifalið í þáttökugjaldi:

- Rútuferð (þann 8. ágúst frá Reykjavík um Þingvelli í Reykholt, hálf dags ferð um Borgarfjörð þann 10. ágúst og rútuferð frá Reykholti um Suðurland þann 12. ágúst).
- Gisting á Fosshótel Reykholt í 4 nætur ([sjá hér](#)).
- Morgunverður, 4 dagar.
- Hádegisverður, 5 dagar.
- Kvöldverður, 4 dagar.
- Kaffi / te / hressing á meðan á þinginu stendur.
- Hátíðarkvöldskemmtun, kvöldverður & skemmtiatriði.
- Fyrirlestrar, ráðstefnugögn og skoðunarferðir.

Dagskrá:

8. ágúst 2023

- Þingið hefst kl. 10 í [Þjóðminjasafni Íslands](#), Sudurgöta 41 í Reykjavík.
- Hádegisverður í Reykjavík.
- Keyrt til Reykholt, skoðunarferð um [Þingvelli](#).

9. ágúst 2023

- Fyrirlestrar & styttri erindi.
- Skoðunarferð í [Snorrastofu](#) og Reykholtskrikju seinni partinn.
- Workshop um kvöldið þar sem gefst tækifæri til að læra spennandi handverk.

10. ágúst 2023

- Fyrirlestrar & styttri erindi.
- Skoðunarferð um Borgarfjörð eftir hádegið.
- Fulltrúar þáttökupjóðanna hittast á fundi um kvöldið (aðeins lítil hluti þáttakenda).

11. ágúst 2023

- Fyrirlestrar og styttri erindi.
- Hátíðarkvöldverður þar sem þátttakendur klæðast þjóðbúningum, skemmtidagskrá.

12. ágúst 2023

- Brottför frá Reykholti kl. 10.
- Skoðunarferð um Suðurland (Gullfoss & Geysir o.fl.).
- Komið til Reykjavíkur kl. 17.



Fyrirlestarar:

- Ísland: **Karl Aspelund** - «The painter's Classicist embroidery in the service of war on fashion».
Kristín Bjarnadóttir – «Handlínur».
- Danmörk: **Anna-Margrethe Jonsson** «Litur, band, þráður og spor – skeytingar á dönskum þjóðbúningum»
Inge Christiansen «Skreytingar á Hedeðbúningunum»
- Finnland: **Maria Linden** (Brage) «Bindmössan – höfuðbúnaður finnsku almúgakonunnar»
Inga Pihlhjerta «Útsaumur í karelskum búningum»
- Norgur: **Anne Kristin Moe**: «Útsaumaðir þjóðbúningar»
Agnete Sivertsen: «Bringudúkar»
- Svíþjóð: **Håkan Liby** «Kjólveskið – praktískt skraut með tilbrigðum»
Anna-Karin Jobs Arnberg «Bara ef ég hugsa það verður það rós» - Um rósina sem tákn, þjóðlegur útaumur frá Floda í Dölunum.

Að lokum:

Heimasíða þingsins er: www.nordiskdragtseminar.org Þar verður upplýsingum um þingið miðlað.

Hlökkum til að njóta með ykkur spennandi daga í Reyholti í ágúst.

Undirbúningsnefnd:

Kristín Vala Breidfjörð - kristin@heimilisidnadir.is

Margrét Valdimarsdóttir - margretvaldimarsd@gmail.com

Elín Jóna Traustadóttir - ellajona@outlook.com

Hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum!